



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.3.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Slippa- og Ellingsenreitur - Vesturbugt, Gamla höfnin - breyting á deiliskipulagi - Reitir 03 og 04 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. mars 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. mars 2024 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsensreits og Vesturbugar vegna reita 03 og 04, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Björn Axelsson og Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja deiliskipulag fyrir 177 íbúðir við Vesturbugt en mjög jákvæð þróun hefur átt sér stað er varðar skipulag svæðisins meðal annars til að bæta birtuskilyrði með hærri jarðhæðum og léttu á inngarði til að skapa skemmtilegra og sólríkara útsvæði. Kvöð um leikskóla fellur út þar sem aðstæður svæðisins eru ekki í takti við staðla Heilbrigðiseftirlitsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru hlynntir uppbyggingu við Vesturbugt en telja að byggingarmagn sé of mikið miðað við grunnflöt og heildaryfirbragð aðliggjandi byggðar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að yfirbragð og fjölbreytileiki gamla Vesturbæjarins eigi að vera ríkjandi á svæðinu en uppbyggingin á reitnum mun einkennast af einsleitum byggingum sem eiga lítið skylt við eldri byggð og byggingarsögu borgarinnar. Íbúðum er fjölgað frá gildandi deiliskipulagi sem þó er einungis átta ára gamalt og var mótmælt harðlega af íbúum á sínum tíma fyrir of mikið byggingarmagn. Mikla furðu vekur að hætt sé við byggingu leikskóla á reitnum þótt mikill skortur sé á leikskólarýmum í gamla Vesturbænum. Lítil áhersla er lögð á opin svæði á reitnum og ekki er gert ráð fyrir sparkvelli eða öðru svæði til íþróttaiðkunar þar eins og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað lagt til í hinu langa skipulagsferli svæðisins. Það er miður að meirihluti Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar skuli vitandi vits ekki nýta þetta tækifæri til að bæta úr miklum skorti á íþróttaaðstöðu í gamla Vesturbænum heldur leggja áherslu á sem þéttasta uppbyggingu. En gamli



Reykjavíkurborg

Vesturbærinn er það íbúðahverfi borgarinnar sem býr við rýrustu íþróttaaðstöðuna þrátt fyrir að þar búi vel á annað þúsund barna og unglinga.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Af hverju er verið að taka ákvörðun um að hætta við byggingu leikskóla? Kvöð um leikskóla er felld niður í nýrri útgáfu. Í fyrra skipulagi var áætlað að hafa leikskóla og gert ráð fyrir leikskólalóð en mikil þörf er á daggæslu á þessu svæði. Mjög erfitt er að fá pláss á leikskólum í miðbæ/Vesturbæ og börnin eru að komast inn 2-3 ára gömul. Þessi viðbót hefði því verið nauðsynleg þegar bæta á enn frekar við íbúafjöldann hér eins og segir í einni athugasemdinni. Öll vitum við að til að geta lifað bíllausum lífsstíl er nauðsynlegt að fá daggæslu í nærumhverfi og þessar íbúðir gera ekki ráð fyrir mörgum bílastæðum svo líklegt er að gert sé ráð fyrir því að fólk sé ekki mikið á bíl. Það er ómögulegt þegar einu daggæsluplássin eru í öðrum bæjarhlutum. Hljóð og mynd fara ekki saman hér hjá meirihlutanum.

Helga Björk Laxdal
e.u.